

8. gr.

Sjúkraliðar, sem starfa í ríkissjúkrahúsum, skulu vera ríkisstarfsmenn og taka laun samkvæmt launakerfi starfsmanna ríkisins.

9. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 8. gr. hjúkrunarlaga, nr. 42 12. maí 1965, öðlast þegar gildi.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 12. nóvember 1965.

Jóhann Hafstein.

Baldur Möller.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Menningarsetur Skagfirðinga í Varmahlíð, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 25. nóv. 1965.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Menningarsetur Skagfirðinga í Varmahlíð.

1. gr.

Menningarsetur Skagfirðinga í Varmahlíð er stofnað af Varmahlíðarfélaginu í Skagafjarðarsýslu.

2. gr.

Menningarsetur Skagfirðinga í Varmahlíð er sjálfseignarstofnun, sem rekin verður undir yfirstjórn og á ábyrgð sýslunefndar Skagafjarðarsýslu fyrir hönd sýslu-sjóðs.

3. gr.

Stofnuninni eru í upphafi lagðar til þessar eignir:

- a. Jörðin Reykjarhóll í Seyluhreppi, ásamt nýbýlinu Varmahlíð með öllum húsum og mannvirkjum, gögnum og gæðum, þar með töldum jarðhita í Reykjarhólslandi, eins og Varmahlíðarfélagið hefur eignast eignina samkvæmt afsali frá ríkisstjórninni, dags. 7. nóvember 1941, svo og með þeim húsum og öðrum mannvirkjum, sem síðan hafa verið reist og eru eign félagsins, en það er hluti félagsins á móti ríkissjóði í sundlaug með búningsklefum og veitingahúsi, eins og það var áður en endurbætur fóru fram 1957. Eign þessi afhendist í því ástandi, sem hún nú er í, og með áhvilandi veðskuldum og öðrum skuldbindingum, sem á eigninni hvíla.
- b. Söngskólasjóður Varmahlíðar, gefinn af hjónunum Guðrúnu Björnsdóttur og Þormóði Eyjólfssyni, Siglufirði.
- c. Innstæða Varmahlíðarfélagsins í Sparisjóði Sauðárkróks í bók nr. 2834, að fjárhæð kr. 24 387.86, auk vaxta frá 1. jan. 1958.

4. gr.

Tilgangur stofnunarinnar er að hafa forgöngu um og stuðla að aukinni menningar- og félagsmálastarfsemi í Skagafjarðarsýslu.

Tilgangi sínum hyggst stofnunin ná m. a. með eftirtöldu:

- a. Að stuðla að stofnun héraðsskóla í Varmahlíð.
- b. Að stuðla að því að reistur verði þar heimavistarbarnaskóli, sem rekinn verði fyrir sem flesta hreppa sýslunnar.
- c. Að vinna að byggingu félagsheimilis í Varmahlíð og leita um það samvinnu við sveitarfélög og áhugafélög í sýslunni.
- d. Að stuðla að sem beztri umferðaðþjónustu með því að sjá um, að haldið verði uppi í Varmahlíð veitinga- og gistihúsi, ásamt sem beztri aðstöðu til síma- og pósthjónustu.
- e. Að efla og styðja hvers konar aðra menningarstarfsemi, eftir því sem talið verður bezt henta á hverjum tíma, þar á meðal söngmálastarfsemi í samræmi við ákvæði gjafabréfs hjónanna frú Guðrúnar Björnsdóttur og Þormóðs Eyjólfssonar.

5. gr.

Stjórn stofnunarinnar skipa 5 menn og jafnmargir til vara, kosnir af sýslunefnd Skagafjarðarsýslu, á næsta sýslufundi eftir afstaðnar sýslunefndarkosningar, til 4 ára í senn.

Stjórnin skipar sjálf með sér verkum.

6. gr.

Stjórnin annast allan rekstur stofnunarinnar. Hún getur ráðið sér framkvæmdastjóra, einn eða fleiri, og getur falið þeim verkefni eftir því sem þurfa þykir.

Stjórnin skal gera grein fyrir störfum sínum og semja fyrir hvert almanaksár rekstrarreikning og efnahagsreikning fyrir stofnunina og leggja þá árlega fyrir aðalfund sýslunefndar, endurskoðaða af endurskoðendum, kjörnum af sýslunefnd.

Sýslunefnd úrskurðar síðan reikningana.

7. gr.

Stjórn stofnunarinnar semur árlega fjárhagsáætlun, sem skal lögð fyrir aðalfund sýslunefndar.

8. gr.

Reikningar stofnunarinnar skulu árlega birtir í sýslufundargerð með öðrum reikningum, sem tilheyra sýslusjóði.

9. gr.

Nú þykir nauðsyn til bera að breyta skipulagsskrá þessari, og fer þá um þá breytingu sem hér segir:

Tillaga um breytingu verður að vera borin fram á aðalfundi sýslunefndar af minnst 5 sýslunefndarmönnum, og fáist samþykki meiri hluta sýslunefndar á þeim fundi fyrir þeirri tillögu, skal sýslunefndin leita álits allra sveitarstjórna sýslunnar um málið.

Skal breytingartillagan síðan lögð fyrir aðalfund sýslunefndar næsta ár á eftir, og hljóti hún þá samþykki $\frac{2}{3}$ hluta sýslunefndarmanna, skal breytingin öðlast gildi.

Þó má aldrei breyta megintilgangi stofnunarinnar skv. 1. mgr. 4. gr.

10. gr.

Leita skal staðfestingar rétttra stjórnarvalda á skipulagsskrá þessari og þeim breytingum, sem á henni kunna að verða gerðar síðar.

Skagafirði, júní 1958.